

Nýjar útgáfur ferðakorta

Ferðakort 1:250 000 - Vesturland og Suðurland

Landmælingar Íslands hafa gefið út annað kortið í flokki þriggja ferðakorta landsins í mælikvarðanum 1:250 000 og nær það yfir Vesturland og Suðurland. Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra tók í aprílbyrjun við fyrsta eintaki kortsins og sagði við þakkað að stofnunin stæði sig framúrskarandi vel á sviði kortagerðar.

Vestfirðir og Norðurland, fyrsta kortið í þessum flokki sem kom út síðastliðið sumar var mjög vel tekið. Gert er ráð fyrir að þriðja kortið komi út síðar á þessu ári en með þessum nýja flokki ferðakorta má skoða allt landið á þremur kortum í stað níu korta áður. Meðal samstarfsaðila sem komu að undirbúningi að útgáfu kortanna eru Vegagerðin, Örnefnastofnun, Þjóðminjasafnið, Ferðamálaráð og ferðamálafulltrúar víða á landinu.



Reykjanes, austur að Skaptafelli og einnig drjúgan hluta hálandisins. Á því má fá allar helstu upplýsingar sem ferðafolk þarf á að halda í ferðum um þetta fjölfarna landsvæði. Meðal nýjunga má nefna að við helstu ferðamannastaði eru þjónustutákn svo auðvelt er fyrir ferðamenn að velja sér áfangastað með tilliti til þeirrar þjónustu sem sóst er eftir. Kortið er unnið með stafrænum hætti sem gerir alla endurskoðun og útgáfu auðveldari sem er nauðsynlegt vegna breytinga á framboði þjónustu og nýrra upplýsinga eins og t.d. breytinga á vegum.

Þægilegt í notkun

Kortblaðið er stórt (86x138 cm) og í einkar handhægu broti sem hentar vel á ferðalögum. Að sögn Þórdísar Arth-



Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra tekur við fyrstu eintökum nýrra ferðakorta úr hendi Magnúsar Guðmundssonar forstjóra LMÍ.

ursdóttur sölufulltrúa LMÍ koma kostir brotsins strax í ljós þegar nýja kortinu er flett.

„Stærð og skörun nýja kortsins gerir það að verkum að við fáum góða heildarsýn yfir þekktustu ferðamannaslóðir landsins á Suður- og Vesturlandi á hverri opnu. Öðrum megin er svæðið þegar haldið er á Reykjanesið eða í austur frá Reykjavík og hinum megin þegar farið er í norður frá höfuðborginni. Þannig má til dæmis á hverri opnu fyrir sig skoða vinsælar ferðaslóðir eins og Kaldadal, Kjöl og Sprengisand í heild sinni,“ segir Þórdís Arthursdóttir.

Fyrir ferðamanninn

Á kortinu eru yfir 6000 örnefni og þar eru allar almennar staðfræðiupplýsingar, hæðarskygging og 50 metra hæðarlínubil. Þar er m. a. að finna vegi, veganúmer, vegalengdir og bensínafgreiðslur. Merkingar eru fyrir helstu staði þar sem þjónusta er í boði fyrir ferðamenn, s.s. gisting, tjaldstæði, sundlaugar, golfvelli og svo framvegis. Á kortinu er ennfremur að finna upplýsingar um söfn, friðlýstar minjar, upplýsingamiðstöðvar, hringsjár, bæi í byggð og eyðibýli svo eitthvað sé nefnt.

Helstu upplýsingar


Kortið Vesturland og Suðurland sýnir svæðið frá Snæfellsnesi suður um

Ferðakort 1:500 000

Vandað nýtt heildarkort


Landmælingar Íslands hafa gefið út vandað nýtt heildarkort af Íslandi með hæðarskyggingu og þjónustutáknum. Hér er um að ræða glæsilega og mikið breytta útgáfu af þessu vinsæla korti sem kom fyrst út með eldra útliti fyrir rúmum tveimur áratugum. Það kort var endurskoðað og endurútféfið með reglulegu millibili og er söluhæsta Íslandskortið til þessa, en það hefur á þessum tíma selst í nokkuð á þriðja hundrað þúsund eintökum.

Á kortinu eru sem fyrr nýjustu upplýsingar um vegi landsins, vegalengdir og veganúmer, auk mikilvægra upplýsinga um ferðaþjónustu, s.s. bensínafgreiðslur, gististaði, söfn, sundlaugar, golfvelli og fleira. Kortinu fylgir nafnaskrá með yfir 3000 örnefnum. Skýringar eru á ensku, frönsku og þýsku, auk íslensku.



Skráning örnefna

Undanfarin 10 - 12 ár hefur staðið yfir grunnskráning örnefna á kortum hjá Landmælingum Íslands. Gunnhildur Skaftadóttir örnefnasérfræðingur LMÍ hefur haft umsjón með verkefniinu. Verkefnið hefur krafist mikillar þrautsegju og þolinmæði vegna þess



Gunnhildur Skaftadóttir, landfræðingur

ad víða hefur þurft að leita fanga við heimildasöfnun.

„Markmiðið allan tímann hefur verið að koma örnefnunum í samræmdan gagnagrunn þar sem

hægt er að sækja örnefni eftir ýmsum skilyrðum og einnig hægt að sækja upplýsingar um það hvernig örnefni eiga að birtast á mismunandi kortum,“ segir Gunnhildur. „Á þessu ári má segja að langþráður draumur sé að rætast því að um 50 þúsund örnefni eru komin í gagnagrunn með staðsetningu hvers nafns, auk fjölmargra annarra upplýsinga um hvert örnefni,“ segir Gunnhildur Skaftadóttir.

Nú þegar er hægt að nýta gagnagrunninn í kortagerð Landmælinga Íslands en einnig er hluti hans fáanlegur til notkunar í IS 50V, hinu nýja gagnasafni LMÍ í mælikvarða 1:50 000.

Ársskýrsla 2002

Ársskýrsla LMÍ 2002 kom út fyrir skemmstu og er þar haldið áfram stefnu frá fyrra ári í ítarlegri umfjöllun helstu þátta í starfsemi stofnunarinnar. Tekin eru saman meginatriði í helstu málaflokkum s.s. landmælingum ársins og þróun stafræna kortagrunnsins IS 50V. Útgáfumálum, markaðs- og sölumálum sem og starfsmannamálum eru gerð góð skil. Rekstrarhagnaður ársins var upp á 3,3 milljónir og er styrk fjármála-stjórnun að skila sér æ betur.



Hluti þátttakenda á námskeiði sem haldið var í Brekkubæjarskóla.

Símenntun starfsmanna

Landmælingar Íslands starfa eftir vel skilgreindri starfsmannastefnu sem unnin var í kjölfar stefnumótunarverkefnis fyrir tímabilið 2001-2006.

Leitast er við að tryggja starfsfólki stofnunarinnar gott starfsumhverfi í víðasta skilningi þess orðs og að Landmælingar Íslands verði áfram góður vinnustaður þar sem fólk á möguleika á að vaxa og dafna í starfi. Stór þáttur í því er að gefa starfsmönnum kost á símenntun og þátttöku í fjölbreyttum námskeiðum.

Á síðasta ári lagði stofnunin sem svarar tæplega tveimur prósentum af launakostnaði ársins til fræðslumála og þar vógu þyngst fjölbætt námskeið. Einnig er stjórnendabjálfun viðvarandi verkefni hjá stofnuninni. Gott samstarf er við Brekkubæjarskóla á Akranesi þar sem námskeið hafa verið haldin.

Viðhorfskönnun er gerð árlega meðal starfsmanna þar sem könnuð eru ýmis atriði sem varðar starfsumhverfið. Könnunin hefur sýnt fram á mjög jákvætt viðhorf starfsmanna í garð LMÍ.

Kortabrunnur

Landmælingar Íslands eiga gott safn korta frá ýmsum tímum en stór hluti safnsins eru útgáfur stofnunarinnar frá undanförunum áratugum. Til er nokkuð af fornkortum og mikið af kortum frá kortlagningu Dana hér á landi, en jafnframt eru í safninu önnur íslensk og erlend kort. Kortagerð Landmælinga Íslands á sér langa og merkilega sögu sem ýmsir hafa gert skil í máli og myndum. Við þessa vinnu hefur orðið til mikið og merkilegt kortasafn sem nú hefur verið skráð. Skráningin fer fram í sérstökum skráningarbrunni sem hannaður var fyrir stofnunina af starfsmanni hugbúnaðarfyrirtækisins Hugvits í samstarfi við starfsmenn LMÍ og hefur fengið nafnið Kortabrunnur. Skráningu fyrsta áfanga safnsins lauk haustið 2002.

Byggt er á ítarlegu skráningareyðublaði þar sem fram koma allar helstu



Rannveig L. Benediktssdóttir og Þórunn E. Sighvats á kortasafni LMÍ.

upplýsingar um kortin, en síðan er hluti upplýsinganna birtur í listum og er jafnframt mögulegt að leita að kortum eftir ýmsum leiðum, bæði í skrá og á myndrænan hátt gegnum yfirlitskort.



Niðurstöður mælinga afar góðar

Umtalsverðar hallamælingar fóru fram á vegum LMÍ á síðasta ári í samvinnu við Vegagerðina og Landsvirkjun og var megináherslan á mælingar vegna hæðarnetsins en það verkefni hefur verið í gangi síðan 1994. Tókst að loka mælingum eftir öllum hringveginum, alls um 1.400 km. Frá síðasta hausti hefur verið unnið að útreikningum á mælingunum og að sögn Þórarins Sigurðssonar, forstöðumanns mælingasviðs LMÍ eru menn mjög ánægðir með niðurstöðurnar.

„Eftir er að taka tillit til leiðréttinga vegna þyngdarmælinga en skekkjan á þessum ríflega 1400 kílómetra kafla er ekki nema 7,55 sentimetrar sem verður að teljast harla gott. Að teknu tilliti til leiðréttinganna verður því skekkjan á bilinu 5 til 10 sentimetrar“ segir Þórarinn. Niðurstöðurnar hafa verið lagðar

fyrir samnorrænan vinnuhóp sem lokið hefur lofsorði á útkomu mælinganna.

Frekari mælingar

Í sumar verður unnið áfram að hallamælingum. Hallamælt verður yfir Sprengisand og á Vesturlandi verður mælt norður Mýrar og enn fremur á norðanverðu Snæfellsnesi. Undirbúningur er síðan hafinn fyrir endurmælingu á grunnstöðvanetinu sem áætlað er að fari fram sumarið 2004. Grunnstöðvanetið hefur verið grundvöllur annarra landmælinga hér á landi og undirstaða stafrænnar kortagerðar, landfræðilegra upplýsingakerfa og verklegra framkvæmda.

Allar stofnanir sem stunda mælingar ásamt mörgum einkaaðilum og bæjar og sveitarfélögum eru farnar að mæla í kerfinu.



Gísli Karlsson, Þórarinn Sigurðsson forstöðumaður mælingasviðs og Markus Rennen.

Flokkunarlisti fyrir landfræðileg gögn

Landmælingar Íslands hafa í samvinnu við LÍSU samtökin unnið að því undanfarin ár að koma á stöðluðum reglum um flokkun, skráningu og samskipti með landfræðileg gögn samhliða vinnu við IS 50V gagnagrunninn. Slíkur flokkunarlisti er grundvöllurinn að því að koma IS 50V gögnum í gagnagrunn og hann er einnig nauðsynlegur til að samræma gögn milli stofnana og fyrirtækja. Magnús Guðmundsson forstjóri LMÍ segir að umtalsverður þjóðhagslegur sparnaður hljótist af skýrum reglum um skráningu og samskipti með landupplýsingar. „Hér er endast oftast um að ræða gögn sem eru notuð af opinberum stofnunum eða í verkum sem unnin eru fyrir opinbera aðila. Styrkleiki verkefnisins felst helst í því að fjölmargar stofnanir og fyrirtæki unnu í sameiningu að gerð flokkunarlistans svo hann muni nýtast sem best í samfélaginu,“ segir Magnús.

LU - flokkun

Landmælingar Íslands og LÍSA gáfu í desember 2002 út frumútgáfu af flokkunarlista fyrir landupplýsingar og er hann byggður á ISO staðli og nefnist LU - flokkun. Er hann í eftirtöldum köflum: a) mörk og svæði, b) samgöngur, c) fasteignir og mannvist, d) fjar-skipti og veitukerfi, e) gróður, f) jarðmyndun og landmótun, g) vatnafar, h) hæð, dýpt og lega.

Notendur munu hafa frest fram í september 2003 til að gera athugasemdir og í framhaldinu er stefnt að því að flokkunarlistinn verði gerður að órjúfanlegum hluta í vinnslu landupplýsinga hér á landi.

Í ritstjórn verkefnisins hafa verið Jófríður Guðmundsdóttir, Landmælingum Íslands, Magnús Már Magnússon Veðurstofu Íslands, Stefán Guðlaugsson Hnit hf. og Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir LÍSU samtökunum. Verkefnið hefur verið styrkt af stýrihópi um íslenska upplýsingasamfélagið sem starfar á vegum forsætisráðuneytisins.

Samstarf við þrjú söfn

Á síðasta ári voru undirritaðar samstarfsfirlýsingar milli Landmælinga Íslands og þriggja safna, Landsbókasafns - Háskólabókasafns, Þjóðskjalasafns og Þjóðminjasafns. Í auknu samstarfi LMÍ við söfnin verður áhersla lögð á að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu í varðveislu og miðlun upplýsinga um efni sem fellur undir lög um viðkomandi söfn og þá málaflokka sem söfnin sinna.

Yfirlýsingarnar afmarka þau verk efni sem stofnanirnar munu vinna sameiginlega að á árunum 2003 - 2004 og hafa jafnframt að geyma ákvæði um gagnkvæma ráðgjöf á ýmsum sviðum. Verkefni eru margvísleg og samstarfið verður með fjölbreyttum hætti, allt eftir sérsviðum hverrar stofnunar fyrir sig. Sem dæmi má nefna að margvíslegt efni frá LMÍ getur nýst samstarfsaðilunum til sýningahalds og sérþekking starfsmanna safnanna kemur að góðum notum við frekari uppbyggingu safnaverkefna Landmælinga Íslands. Eru forsvarsmenn viðkomandi stofnana sammála um að mikilvægt skref hafi verið tekið til farsæls samstarfs um faglega hagsmuni.



Kvarðinn

FRÉTTABRÉF LANDMÆLINGA ÍSLANDS

Kvarðinn nr. 9, 1. tbl., 5. árg., maí 2003

Útgefandi: Landmælingar Íslands,

Stíllholti 16-18, 300 Akranes

Sími: 430 9000 - Fax: 430 9090

Tölvupóstur: lmi@lmi.is

Vefsíða: www.lmi.is

Ábm.: Þorvaldur Bragason

Útlit og umsjón texta: Kristján Kristjánsson

Ljósmyndir: Kristján Kristjánsson, Vigfús

Birgisson og Sigurður Jökull Gunnarsson

Úmbrot og prentun: Prentverk Akraness hf.

Kvarðinn er prentaður á umhverfisvænan G-print pappír sem vottaður er af „Hvíta svaninum.“



Þorvaldur Bragason forstöðumaður upplýsing sviðs, Gunnar H. Kristinsson sölustjóri og dr. Kolbeinn Árnason sérfræðingur í fjarkönnun hjá LMÍ.

Yfir 15.000 diskur seldir!

Geisladiskur LMÍ hefur verið einstaklega vel tekið og má með sanni segja að þeir hafi runnið út eins og heitar lummur. Íslandskortadiskurinn og önnur útgáfa flugdiskans, sem komu út á síðasta ári hafa selst í ríflega 8000 eintökum samtals, sem verður að teljast frábær árangur miðað við stærð markaðarins. Þegar eldri útgáfa flugdiskans er tekin með í reikninginn er salan á geisladiskum LMÍ komin yfir 15.000 eintök á hálfu öðru ári.

Að sögn Þorvaldar Bragasonar forstöðumanns upplýsingasviðs LMÍ er markmiðið með útgáfu diskanna að bjóða upp á ódýrt og fræðandi efni fyrir alla aldurshópa.

„Það er hlutverk Landmælinga Íslands að miðla stafrænum kortum og gagnasöfnum til landsmanna þannig að þeir geti nýtt áhugavert efni á aðgengilegan hátt á tölvutæku formi. Geisladiskar LMÍ eru með þeim ódýrari á markaðinum og ótvírætt góður valkostur bæði fyrir börn og unglinga ekki síður en fullorðna. Gagnsemi af diskum sem þessum er mikil m.a. í skólastarfinu og í ferðaþjónustu,“ segir Þorvaldur Bragason.

Stefnt er að útgáfu fleiri diska með kortum og er nýr kortadiskur væntanlegur síðar á þessu ári.

Skorkort innleitt hjá Landmælingum Íslands

Landmælingar Íslands og umhverfisráðuneytið undirrituðu í nóvember s.l. árangursstjórnunarsamning fyrir stofnunina. Við útfærslu samningsins er farið ný og áður óreynd leið meðal ríkisstofnana á Íslandi. Þar er skilgreint hvernig stjórnendur og starfsmenn LMÍ geta haft áhrif á velgengi stofnunarinnar og þar með árangur. Í því augnamiði hefur verið tekið í notkun IM-Skorkort frá Information Management á Íslandi en það er íslenskur hugbúnaður sem nýttist við uppbyggingu, viðhald og eftirfylgni stefnumótunar innan fyrirtækja og stofnana. Búið er að setja kortið upp og hefur verið unnið eftir því frá 1. maí s.l.

Að sögn Kristjáns Guðjónssonar forstöðumanns stjórnsýslusviðs verður með skorkortinu haldið utan um og miðlað upplýsingum úr rekstrinum sem notast við töku ákvarðana hjá stofnun-

inni. Hann segir skorkortið mikilvægt hjálpartæki fyrir stjórnendur og starfsmenn við að framfylgja stefnu stofnunarinnar, auka yfirsýn og bæta árangur.



Kristján Guðjónsson forstöðumaður stjórnsýslusviðs.